

**600. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 25. október 2022
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 600 lögmætan.

Í upphafi fundar fagnaði sveitarstjórn þeim tímamótum að vera að koma saman til formlegs fundar í sexhundruðasta skipti með því að gæða sér á brauðertu frá Kvenfélaginu Hörpu ásamt gestum fundarins.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að mál með málsnúmer 2210344 verði tekið fyrst á dagskrá og önnur mál færast neðar á dagkránni sem því nemur. Var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Sögufélag Barðastrandasýslu - 2210344

Erindi frá Sögufélagi Barðastrandasýslu dags. 05.10.2022 varðandi útgáfu árbókar Barðastrandarsýslu 2022. Mál frá 599. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 11.10.2022.

Lilja Magnúsdóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og vék af fundi. Varafulltrúinn Marinó Bjarnason tók sæti hennar við afgreiðslu málsins. Varaoddviti, Jóhann Örn Hreiðarsson tók við stjórn fundarins undir þessum lið.

*Sveitarstjórn samþykkir með þremur atkvæðum að veita útgáfu árbókar Barðastrandarsýslu 2022 styrk að upphæð kr. 50.000,-.
Jóhann Örn Hreiðarsson og Marinó Bjarnason greiddu atkvæði á móti.*

2. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Tillaga að fjárhagsáætlun lögð fram í samræmi við 3. mgr. 62. gr. Sveitarstjórnalaga nr. 138/2011.

Samþykkt samhljóða að visa fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í sveitarstjórn í nóvember 2022.

3. Framkvæmdir 2022 - 2202156

Uppfærð framkvæmdaáætlun ársins 2022 lögð fram á minnisblaði frá sveitarstjóra dags. 25.10.2022.

Mál frá 599. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 11.10.2022.

Samþykkt með fjórum atkvæðum að hluti gatnaframkvæmda frestist til vors 2023 í samræmi við innihald minnisblaðsins.

Guðlaugur Jónsson situr hjá við afgreiðslu málsins.

4. Ytra mat á leikskólum árið 2023 - 2210324

Tillaga frá 4. fundi Fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.10.2022 um að sveitarstjórn óski eftir því að ytra mat leikskóla verði framkvæmt.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu fræðslunefndar um að óska eftir því að Menntamálastofnun framkvæmi ytra mat á leikskólastarfi hjá Tálknafjarðarhreppi árið 2023, sbr. lög nr. 90/2008 um leikskóla og gildandi reglugerðir um mat og eftirlit.

5. Umhverfisstefna Tálknafjarðarhrepps - 2208088

Tillaga Umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að umhverfisstefna sveitarfélagsins verði samþykkt.

Mál frá 4. fundi Umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.10.2022.

Sveitarstjórn samþykkir umhverfisstefnu Tálknafjarðarhrepps með þremur greiddum atkvæðum.

Jóhann Örn Hreiðarsson og Jón Ingi Jónsson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

6. Samþykkt um búfjárhald, endurskoðun - 2208006

Tillaga Umhverfis- og byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að samþykkt um búfjárhald verði samþykkt.

Mál frá 4. fundi Umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.10.2022.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins og fela oddvita að fara yfir það með byggingafulltrúa.

7. Stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri - 2210380

Erindi frá skipulagsstofnun dags. 12.09.2022 vegna tilkynningar Arnarlax sem stofnunin tók á móti 09.09.2022 varðandi stækkun seiðaeldisstöðvar á Gileyri skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samfæmi við 20. gr. sömu laga er óskað eftir að Tálknafjarðarhreppur gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Jafnramt er lögð fram afgreiðsla Umhverfis- og byggingarnefndar vegna erindisins frá 4. fundi nefndarinnar sem fór fram 19.10.2022.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða umsögn Umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps frá 19.10.2022 varðandi stækkun seiðaeldisstöðvar á Gileyri skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Beiðni um umsögn vegna fiskeldi Arctic Smolt hf. í Norðurbotni í

**8. Tálknafjarðarhreppi
- 2210408**

Erindi frá Matvælastofnun dags. 17.10.2022 þar sem í samræmi við 7. gr. laga nr. 71/2008 er óskað eftir eftir umsögn Tálknafjarðarhrepps vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Jafnramt er lögð fram afgreiðsla Umhverfis- og byggingarnefndar vegna erindisins frá 4. fundi nefndarinnar sem fór fram 19.10.2022.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða umsögn Umhverfis- og bygginganefndar Tálknafjarðarhrepps frá 19.10.2022 um að ekki sé ástæða til að gera athugasemd við stækkun rekstarleyfis hámarkslífmassa úr 1000 tonnum í 2400 tonn í landeldi Arctic Smolt hf. í Norðurbotni.

9. Erindi frá UNICEF á Íslandi til Tálknafjarðarhrepps - 2209305

Erindi frá Unicef dags. 28.09.2022 þar sem hvatt er til að fjölga tækifærum barna til áhrifa innan sveitarfélagsins með stofnun ungmennaráðs, ef það hefur ekki þegar verið gert, eða með því að efla starf ungmennaráðs í samræmi við ráð ungmenna til ráðamanna.

Mál frá 599. fundi Sveitarstjórnar sem fór fram 11.10.2022.

Lagt fram. Stofnun ungmennaráðs Tálknafjarðarhrepps er í undirbúningi hjá íþrótt- og tómstundafulltrúa.

10. Ferðakostnaðar vegna Ungmennahings Vestfjarða. - 2208064

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 11.10.2022 varðandi ferðakostnað vegna Ungmennahings Vestfjarða.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Tálknafjarðarhreppur greiði ferðakostnað þáttakenda frá sveitarfélaginu á Ungmennahingi Vestfjarða 2022, en leggur áherslu á að hagkvæmni verði gætt við val á ferðakostum.

11. Lóð stærð lóðar við Dunhaga - 1905085

Erindi frá Guðmundi Má Ástþórssyni dags. 07.10.2022 varðandi lóð Dunhaga og færslu spennstöðvar.

Samþykkt samhljóða að visa erindinu til umfjöllunar í skipulagsnefnd Tálknafjarðarhrepps í tengslum við vinnu við aðalskipulag og deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis.

12. Fyrri fundur sveitarstjórnar í nóvember 2022 - 2210457

Tillaga um að fyrri reglubundni fundur sveitarstjórnar í nóvember 2022 samkvæmt 8. gr. Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps færist og fari fram mánudaginn 07.11.2022 og hefjist kl. 17:00.

Samþykkt samhljóða að fyrri reglubundni fundur sveitarstjórnar í nóvember 2022 samkvæmt 8. gr. Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps færist og fari fram mánudaginn 07.11.2022 og hefjist kl. 17:00.

13. Fræðslunefnd - 4 - 2210002F

Fundargerð 4. fundar Fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.10.2022. Fundargerðin er staðfest.

13.1 2205121 - Fundargerðir Samráðsfundur sambandsins með fræðslustjórum

13.2 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

13.3 2208001 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023

13.4 2206069 - Erindisbréf nefnda 2022-2026

13.5 2210324 - Ytra mat á leikskólum árið 2023

13.6 2210340 - Forvarnardagurinn 2022 - Miðvikudagur 5. október

13.7 2208067 - Fjárhagsáætlun 2023-2026

14. Umhverfis- og byggingarnefnd - 4 - 2210003F

Fundargerð 4. fundar Umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.10.2022.

Fundargerðin er staðfest.

14.1 2106247 - Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk

14.2 2208088 - Umhverfisstefna Tálknafjarðarhrepps

14.3 2208006 - Samþykkt um búfjárhald, endurskoðun

14.4 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

14.5 2210380 - Stækkun seiðaðisstöðvar Arnarlax á Gileyri

14.6 2210408 - Umsögn beiðni um umsögn

15. Ágóðahlutagreiðsla 2022 - 2210447

Erindi frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands dags. 18.10.2022 þar sem tilkynnt er um ágóðahlutagreiðslu ársins 2022. Samtals eru greiddar út kr. 50.000.000,- á árinu 2022 og er hlutur Tálknafjarðarhrepps kr. 186.000,- í samræmi við eignarhluta sveitarfélagsins í eignarhaldsfélaginu.

Lagt fram.

16. Lántaka 2022 - 2210450

Lánasamningur vegna láns nr. 2210_35 hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Lagt fram.

17. Framlag vegna barna með fjölþættan vanda - 2210421

Erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu skráð 19.10.2022 vegna framlags vegna barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir og eru vistuð utan heimilis á árinu 2022.

Lagt fram.

18. Framlag til náttúrustofa á fjárlögum ríkisins - 2210439

Erindi frá stjórn Náttúrustofu Vestfjarða dags. 13.10.2022 vegna ályktunar samráðsfundar aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða sem fór fram 22.09.2022 vegna áformaðrar lækkunar framlaga til náttúrustofa á fjárlögum ríkisins.

Lagt fram.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir áhyggjur samráðsfundar Náttúrustofu Vestfjarða af áformum um lækkun ríkisframlaga til náttúrustofa.

19. Til umsagnar tillögu til þingsályktunar Endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 9. mál. - 2210403

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 13.10.2022 þar Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar varðandi endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 9. mál.

Lagt fram.

Það er mikilvægt að tryggja sveitarfélögum þar sem sjókvíaeldi er stundað skýrar heimildir til töku gjalda af sjókvíaeldi. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að tekjur af slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum sveitarfélaga og tryggð sé sjálfbærni hafna og samfélaga þar sem sjókvíaeldi fer fram. Því tekur sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps heilshugar undir efni tillögunnar.

20. Skýrsla Ofanflóðanefndar - 2210413

Erindi frá Umhverfissráðuneytinu skráð 17.10.2022 þar sem skýrslu um starfsemi Ofanflóðanefndar 2018-2021 er komið á framfæri.

Lagt fram.

21. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2022 - 2210369

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skráð 11.10.2022 sent fyrir hönd stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga varðandi aðalfund félagsins sem fer fram í Sveitarfélaginu Ölfusi 11.11.2022.

Lagt fram.

22. Áætlun um loftgæði 2022-2033 - 2210392

Erindi frá Umhverfisstofnun skráð 13.10.2022 varðandi gerð áætlunar um loftgæði 2022-2033.

Lagt fram.

23. Dagur fórnalamba umferðarslysa - 2210395

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 05.10.2022 varðandi dag fórnarlamba umferðarslysa.

Lagt fram.

24. Ársfundur náttúruverndarnefnda - 2207008

Erindi frá Umhverfisstofnun skráð 14.10.2022 þar sem boðað er til ársfundar náttúruverndarnefnda sem fer fram í Grindavík 10.11.2022.

Lagt fram.

25. Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar - 2210437

Erindi frá Vegagerðinni skráð 19.10.2022 þar sem boðað er til Rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar 2022 sem fer fram í Reykjavík 28.10.2022.

Lagt fram.

26. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021

Rætt um undirbúning vegna íbúafundar vegna fjárhagsáætlunar sem fer fram fimmtudaginn 03.11.2022.

27. Fundargerðir 2022 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2202125

Fundargerðir stjórnafunda Náttúrustofu Vestfjarða nr. 136 sem fór fram 30.05.2022 og nr. 137 sem fór fram 22.09.2022.

Lagt fram.

28. Ársfundur Náttúrustofu Vestfjarða 2022 - 2209172

Fundargerð samráðsfundar (ársfundar) Náttúrustofu Vestfjarða sem fór fram 22.09.2022 ásamt árskýrslu stofunnar fyrir árið 2021.

Lagt fram.

29. Fundargerðir 2022 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2202142

Fundargerð 914. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 12.10.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:20.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)